

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. júní 2023

Mál nr. E-1991/2022:

Hrafn Hauksson

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

gegn

Þingvangi ehf.

(Jónas Friðrik Jónsson lögmaður)

D Ó M U R

Mál þetta, sem dómtekið var 3. maí 2023, var höfðað 13. október 2022 af Hrafn Haukssyni, [...] gegn Þingvangi ehf., [...].

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.176.711 krónur, en til vara 2.810.403 krónur og til þrautavara 2.152.317 krónur eða lægri fjárhæð, allt með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. febrúar 2022 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu. Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

I Helstu málsatvik

Stefnandi máls þessa, sem er menntaður viðskiptafræðingur, hóf störf sem fjármálastjóri hjá stefnda í lok mars árið 2020, en hann hafði áður gengt stöðu fjármálastjóra hjá VHE ehf. Mun stefnandi hafa verið ráðinn í fullt starf hjá stefnda. Ágreiningslaust er að ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Var stefnanda sagt upp störfum hjá stefnda miðað við 31. október 2021. Mun hann hafa fengið laun greidd út uppsagnarfrest sinn, sem ekki hefur verið gerður ágreiningur um, en deilt er um hvort launagreiðslur og launatengd starfskjör hafi verið gerð upp að fullu.

Í janúar 2022 mun stefndi hafa boðað stefnanda á sinn fund þar sem meðal annars hafi borið á góma uppgjör vegna starfsloka stefnanda, þótt ágreiningur sé um efni fundarins að öðru leyti. Hefur stefnandi vísað til þess að á fundinum hafi verið lögð fyrir hann drög að samkomulagi um uppgjör vegna starfslokanna þar sem meðal annars hafi verið mælt fyrir um að stefnandi fengi hvorki greidd laun vegna janúarmánaðar 2022 né bifreiðastyrk en hann fengi þó orlof uppgert að fullu. Að sögn stefnanda mun hann hafa neitað að undirrita samkomulagið. Hefur stefndi hafnað því að slík samningsdrög hafi verið lögð fyrir stefnanda á fundinum.

Með bréfi stefnanda dagsett 24. apríl 2022 krafði hann stefnda um meintar vangoldnar launagreiðslur auk uppgjörs á orlofi. Með tölvubréfi stefnda frá 2. maí sama ár var kröfum stefnanda hafnað og vísað til þess að fullnaðargreiðsla vegna starfsloka stefnanda hefði þegar verið innt af hendi í samræmi við samkomulag aðila. Hefur stefnandi hafnað því að komist hafi á slíkt samkomulag með aðilum.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu stefnandi máls, Hrafn Hauksson. Þá gáfu einnig skýrslur vitnin Svava Rán Guðmundsdóttir aðalbókari hjá stefnda og Pálmi Þormóðsson og Höskuldur Hilmarsson fyrrverandi starfsmenn stefnda.

II Helstu málsástæður stefnanda

Að sögn stefnanda er krafa hans tvíþætt.

Er annars vegar vísað til þess að hann hafi ekki fengið greidd öll þau laun sem borið hafi að greiða honum samkvæmt samningi aðila. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda við upphaf ráðningarsambandsins þrátt fyrir skyldu þess efnis, en vinnuveitandi beri ábyrgð á gerð slíks samnings. Umsaminn uppsagnarfrestur hafi verið þrjú mánuðir sem reiknist frá og með 1. nóvember 2021, en stefnanda var sagt upp störfum í lok október sama ár.

Að sögn stefnanda liggi fyrir að ekki hafi verið óskað eftir vinnuframlagi hans frá og með 6. desember sama ár, en óumdeild sé heimild stefnda til að segja stefnanda upp störfum og jafnframt til að hafna vinnuframlagi á uppsagnarfresti. Stefnda hafi hins vegar borið að greiða stefnanda laun á uppsagnarfresti samkvæmt samkomulagi. Taki sú skylda

meðal annars til greiðslu bifreiðahlunninda í samræmi við dómaframkvæmd. Stefnandi vísar til þess að óumdeilt sé að samkomulag aðila hafi kveðið á um að hann hafi notið mánaðarlegs bifreiðastyrks að fjárhæð 70.000 krónur. Sá styrkur hafi hins vegar ekki verið greiddur til stefnanda í desember 2021 og í janúar 2022. Stefnandi vísar til þess að bifreiðastyrkur hafi ávallt verið hluti af launakjörum og sé einfaldlega styrkur til að nota bifreið. Það hafi hins vegar verið undir stefnanda komið hvort og þá að hversu miklu leyti hann nýtti bifreið í þágu starfsins. Bifreiðastyrkur sé skattskyldur, líkt og önnur laun, en nýti starfsmaður bifreið vegna vinnu sinnar sé honum heimilt að draga þann kostnað frá bifreiðastyrknum við skattframtalsgerð. Að mati stefnanda sé launagreiðanda ekki heimilt að fella einhliða niður bifreiðastyrk með þeim rökum að ekki hafi verið óskað eftir vinnuframlagi starfsmanns á uppsagnarfresti.

Að sögn stefnanda nemi höfuðstóll bifreiðastyrks 140.000 krónum vegna tímabilsins 1. desember 2021 til 31. janúar 2022, sem sundurliðast með svofelldum hætti:

Ógreiddur bifreiðastyrkur vegna desember 2021:	kr. 70.000
Ógreiddur bifreiðastyrkur vegna janúar 2022:	kr. 70.000

Í öðru lagi lúti krafa stefnanda að greiðslu ótekens orlofs, annars vegar orlofs frá fyrra orlofsári og hins vegar úppgerðs orlofs þess orlofsárs sem var að líða þegar stefnanda var sagt upp störfum og var ekki lokið, sem sé orlofsárið 2021/2022, það er að segja frá 1. maí 2021 og til loka uppsagnarfrestsins.

Kveðst stefnandi vísa til þess að skylt sé að greiða starfsmanni orlof á laun. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof eigi stefnandi rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á fyrra orlofsári. Þá hvíli skylda á stefnda, sem vinnuveitanda, til að greiða stefnanda öll áunnin orlofslaun við starfslok, sbr. 8. gr. sömu laga. Byggt sé á því að umsamið orlofshlutfall stefnanda hafi verið 13,04% af heildarlaunum, sem hafi verið til samræmis við þau kjör sem hann hafi notið hjá fyrri vinnuveitanda, VHE ehf., en stefnandi kveðst hafa samið um sama orlofshlutfall við stefnda og hann hafði áður. Að sögn stefnanda mun hann hafa gert gangskör að því að fá útreikninga til sundurliðunar á fjárhæð ætlaðra ógreiddra orlofslauna staðfesta af hálfu stefnda, en bókarí félagsins hafi ítrekað hafnað þeim umleitunum.

Stefnandi kveður kröfu sína byggða á því að í hverjum mánuði séu 21,67 virkur dagar, það er að segja vinnudagur, en það sé sú tala sem eigi að deila í föst mánaðarlaun til að unnt sé að finna út dagkaup samkvæmt kjarasamningum. Byggir stefnandi á því að sé miðað við ætlað umsamið orlofshlutfall, 13,04% af mánaðarlaunum, hafi áunnir orlofsdagar stefnanda verið 2,83 í hverjum mánuði ($21,67 * 13,04$). Stefnandi hafi unnið hjá stefnda í 22,3 mánuði. Samkvæmt því hafi áunnir orlofsdagar stefnanda á tímabilinu verið 63 ($2,83 * 22,3$) allt frá því stefnandi hafi hafið störf hjá stefnda í mars 2020 og út janúar 2022.

Kveðst stefnandi vísa til þess að samkvæmt útreikningum og gögnum hans hafi hann tekið 21,5 orlofsdag á meðan hann starfaði fyrir stefnda. Sé miðað við þær forsendur nemur ítrasta krafa hans greiðslu fyrir 41,5 orlofsdag, sem samsvari mánaðarlaunum stefnanda * 1,9515 ($41,5/21,67$) eða 3.036.711 krónum. Sömu fjárhæð megi einnig fá með annarri aðferðarfræði, það er með því að reikna út 13,04% orlof af mánaðarlaunum að frádregnum teknum orlofsdögum, það er að segja 13,04% af 1.585.750, margfalda þá fjárhæð með 22,3 og deila í fjölda áunninna orlofsdaga. Gildi einu hvorri aðferð sé beitt.

Stefnandi bendir á að hugsanlegt sé að stimpilklukka stefnda sýni að stefnandi hafi verið fjarverandi meira en hann hafi verið, en stefnandi kveður að stundum hafi hann gleymt að stimpla sig inn og út úr vinnu og stundum hafi stimpilklukkan verið biluð. Þess sé krafist að ekki verði miðað við aðra dagatölu en að framan greini, en verði það engu að síður gert sé allt að einu miðað við orlofshlutfallið 13,04% af mánaðarlaunum, 21,67 virkan dag í mánuði og að stefnandi hafi þannig átt rétt á 2,83 orlofsdögum fyrir hvern mánuð. Nánar tiltekið séu gerðar eftirfarandi varakröfur:

Miðað við að gleymst hafi að stimpla inn til vinnu í fimm daga:

26,5 orlofsdagar teknir.

36,5 orlofsdagar óteknir (stuðull $36,5 / 21,67=1.684$).

Krafa 2.670.400 krónur.

Miðað við samtals 14 daga þegar klukka var biluð + gleymdist að stimpla:

36,5 orlofsdagar teknir.

27,5 orlofsdagar óteknir (stuðull 27,5 / 21,67=1.269).

Krafa 2.012.317 krónur.

Stefnandi kveður ástæðu þess að krafan sé ekki nákvæmlega sú sama og í kröfubréfi stefnanda sé að í bréfinu hafi verið miðað við hundraðshluta í óteknum orlofsdögum, en í stefnu sé miðað við heila eða hálfra daga.

Stefnandi vísar til þess að þegar honum hafi verið sagt upp störfum hafi því farið fjarri að hann hafi tekið út orlof sitt frá fyrra orlofsári. Hann hafði þá tekið þá fáu orlofsdaga sem hann ávann sér fyrir 1. maí 2020. Frá 1. maí 2020 og til 30. apríl 2021 hafi stefnandi áunnið sér fullt orlof og tekið út einhverja daga af og til í hverjum mánuði í júní-október 2021 eða þar til honum hafi verið sagt upp störfum. Þá hafi stefnandi einungis tekið rúmlega helming þess orlofs sem hann hafi áunnið sér á fyrra orlofsári. Stefnandi hafi því átt rétt á uppgjöri á því orlofi auk þess orlofs sem hann hafði áunnið sér frá 1. maí 2021 til 31. janúar 2022.

Að sögn stefnanda eigi því ekki við sú regla að orlofsdagar flytjist ekki milli ára, enda hafi ekki verið um neina slíka daga að ræða, heldur eigi við sú regla að gera beri upp allt ótekið orlof við starfslok frá fyrra og yfirstandandi orlofsári. Það sé í samræmi við fyrirmæli 8. gr. laga nr. 30/1987, þar sem fram komi að ljúki ráðningarsamningi við launþega og vinnuveitanda skuli vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans samkvæmt reglunni í 2. mgr. 7. gr. laganna. Í samræmi við það beri að greiða öll ógreidd áunnin orlofsréttindi, að því gefnu að þau séu ekki fallin niður. Kveður stefnandi að engin orlofsréttindi hans hafi verið fallin niður, heldur hafi hann átt ótekið orlof frá fyrra orlofsári og áunnin réttindi á nýju orlofsári sem hann hefði getað tekið út eftir 1. maí 2022. Þann rétt beri að greiða út samkvæmt orlofslögum.

Kveðst stefnandi með vísan til framanritaðs krefjast greiðslu á framangreindum fjárhæðum.

Helstur málsástæður stefnda

Stefndi kveður kröfur stefnanda vera tilhæfulausar. Þannig hafi stefnandi verið búinn að taka sér frí umfram orlofsrétt og ekki notað einkabifreið í þágu vinnuveitanda frá desember 2021. Þá telur stefndi að stefnandi hafi notið annarra tekna í uppsagnarfresti, sem stefndi hafi ekki verið upplýstur um, og með réttu ætti að hafa áhrif á uppgjör milli aðila.

Orlof

Af hálfu stefnda er á því byggt að orlofsréttur stefnanda hafi miðast við orlofslög. Sé mótmælt þeirri staðhæfingu að samið hafi verið um ríkari rétt en leiði af lögum og þeim kjarasamningi sem stefnandi vísi sjálfur til. Jafnframt skipti engu máli að lögum hvaða orlofsrétt stefnandi hafði mögulega hjá fyrri vinnuveitanda.

Vísar stefndi til þess að orlof skuli vera tveir dagar fyrir hvern unnin mánuð (24 dagar á ári), en skemmri tími en hálfur mánuður veiti ekki orlofsrétt, sbr. 3. gr. laga nr. 30/1987. Með vísan til þessa telji stefndi að stefnandi hafi áunnið sér samtals 44 orlofsdaga á tímabilinu apríl 2020 til janúar 2022.

Vísað sé til þess að starfsmönnum stefnda beri að skrá viðveru sína í tímaskráningarkerfið Curio og hafi sú skylda hvílt á stefnanda. Samkvæmt gögnum úr Curio, auk upplýsinga frá stefnanda sjálfum, þá liggi fyrir að hann hafi tekið frí í samtals 53,5 daga. Kunni frídagar stefnanda að hafa verið fleiri, en viðveruskráning stefnanda sé oft undarleg og séu til dæmis ekki meðtaldir dagar þar sem eingöngu er skráð inn en ekki út.

Að mati stefnda geri stefnandi sér grein fyrir ágöllum á orlofskröfu sinni, en slíkt megi ráða af valkvæðri kröfugerð hans, það er að orlofsdagar hafi verið 21,5 eða 26,5 eða 35,5.

Stefndi byggir á að framangreind gögn sýni að stefnandi hafi tekið sér fleiri frídaga en hann hafi átt rétt til og orlof hans hafi því verið meira en fullnýtt við starfslok. Um tíðar fjarvistir stefnanda geti starfsmenn stefnda einnig vitnað. Í ljósi þess hafi stefnandi ekki átt rétt til greiðslu orlofs við starfslok samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/1987. Ef eitthvað er hefði átt að draga oftekið orlof frá síðustu launagreiðslu.

Þá kveðst stefndi telja útreikning stefnanda á orlofslaunum vera rangan.

Bifreiðastyrkur

Stefndi kveðst byggja á því að stefnandi hafi fengið greiddan bifreiðastyrk til að mæta kostnaði við notkun eigin bifreiðar í þágu stefnda sem vinnuveitanda. Stefnandi hafi að eigin ósk fengið lausn undan vinnuskyldu og því hafi ekki verið um slíka notkun bifreiðar að ræða frá desember 2021. Þá hefði staðgreiðsla verið dregin af bifreiðastyrk ef um föst starfskjör hefði verið að ræða, sem hafi ekki verið gert. Sé krafa stefnanda því tilefnislaus og óréttmæt.

Kröfugerð

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda með vísan til þess sem áður greini. Jafnframt sé til vara krafist sýknu á grundvelli gagnkrafna til skuldajöfnunar eins og nánar greini síðar, auk þeirra málsástæða sem þegar hafi verið reifaðar. Þá sé í sýknukröfu stefnda innbyggð varakrafa um lækkun á kröfum stefnanda.

Verði fallist á að stefnandi eigi rétt til bifreiðastyrks kveðst stefndi gera gagnkröfu um skuldajöfnun vegna oftekens orlofs stefnanda að fjárhæð 664.495 krónur ($9,5 * 69.946,9$). Að því gengnu telji stefndi að krafa stefnanda sé vanreifuð og of há og hana beri að lækka. Þannig hafi hvorki verið lögð fram gögn um notkun bifreiðar í þágu vinnuveitanda á umræddum tíma né um skattskil stefnanda vegna bifreiðastyrks. Sé ljóst að stefnandi gat aldrei fengið í sinn hlut meira en 53,75% af fjárhæð bifreiðastyrks.

Verði talið að stefnandi hafi átt rétt til 55 orlofsdaga á áðurnefndu tímabili (það er 30 daga á ári eða 2,5 daga á mánuði), þá telji stefndi með vísan til gagna málsins að stefnandi eigi einungis rétt til greiðslu orlofs í 1,5 dag. Beri að reikna rétt til orlofslauna samkvæmt 7. gr. og 8. gr. laga nr. 30/1987 með eftirfarandi hætti:

- $1.515.750 / 21,67 = 69.946,9$ (dagvinnukaup)
- $69.946,9 * 1,5$ (orlofsdagafjöldi = 104.920,35 kr.)

Þá kveðst stefndi vísa til þess að stefnandi hafi á uppsagnarfresti starfað í þágu þriðja aðila gegn greiðslu, annað hvort eða bæði sem launamaður eða í skjóli eigin atvinnustarfsemi. Þannig sé stefnandi eigandi einkahlutafélagsins Krubbur ehf. og af ársreikningi félagsins sé ljóst að nokkur starfsemi hafi verið í félaginu á árinu 2021. Af ársreikningi fyrir árið 2021 megi sjá að í árslok hafi útistandandi skammtímakröfur numið 2.756.110 krónum sem stefndi telur að séu tekjur í þágu stefnanda vegna vinnu hans fyrir þriðja aðila á meðan hann var í uppsagnarfresti. Kveðst stefndi telja að tekjur stefnanda á uppsagnarfresti hafi þannig numið að minnsta kosti svipuðum fjárhæðum og launakjör stefnanda hjá stefnda og kröfur stefnanda. Kveðst stefndi byggja á því að samkvæmt meginreglum vinnuréttar eigi að draga frá kröfum stefnanda tekjur í þágu hans frá þriðja aðila á meðan á uppsagnarfresti hafi staðið. Þannig eigi að minnsta kosti að draga 2.756.110 krónur frá kröfum stefnanda og mögulega hærri fjárhæð, og sé gerð gagnkrafa til skuldajöfnunar þar um.

Stefndi kveðst skora á stefnanda að leggja fram yfirlit úr staðgreiðsluskrá Skattsins um greidda staðgreiðslu vegna stefnanda á árinu 2021 og vegna janúar 2022. Þá sé skorað á stefnanda að leggja fram upplýsingar, þar með talin fylgiskjöl úr bókhaldi svo sem útgefna reikninga varðandi skammtímakröfur að fjárhæð 2.756.110 krónur samkvæmt ársreikningum Krubbs ehf. fyrir árið 2021. Ennfremur sé skorað á stefnanda að leggja fram virðisaukaskattskýrslur Krubbs ehf. vegna starfsemi í nóvember og desember 2021 (gjaldldagi 5. febrúar 2022) og vegna starfsemi í janúar og febrúar 2022 (gjaldldagi 5. apríl 2022).

Vísar stefndi til þess að verði stefnandi ekki við áskorun um að leggja fram framangreind gögn verði að túlka slíkt honum í óhag og sem staðfestingu á því að framangreindar staðhæfingar stefnda um tekjur í þágu stefnanda frá þriðja aðila séu réttar, sbr. meginreglu réttarfars sem komi fram í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991.

III Niðurstaða

Svo sem að framan greinir hóf stefnandi störf hjá stefnda sem fjármálastjóri í marsmánuði árið 2020. Ágreiningslaust er að ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, þrátt fyrir kjarasamningsbundna skyldu þess efnis. Hefur stefnandi haldið því fram að umsamið hafi verið með málsaðilum að stefnanda

væri, auk fastra mánaðarlauna, greiddur ökutækjastyrkur. Þá hefur stefnandi vísað til þess að hann ætti inni ótekið og óuppgert orlof hjá stefnda vegna fyrri orlofsárs og þess orlofsárs sem var að líða þegar honum var sagt upp störfum. Byggir stefnandi á því að umsamið orlofshlutfall hans hafi verið 13,04% af heildarlaunum, en hann kveður það hafa verið þau orlofskjör sem hann hafi notið hjá fyrri vinnuveitanda sínum, VHE ehf. Ekkert liggur þó fyrir í gögnum máls að svo hafi verið um samið.

Jafnvel þótt líta verði svo á að vinnuveitandi skuli almennt bera hallann af sönnunarskorti um efni og tilvist ráðningarsamnings, í ljósi þess að hann hafi ekki hlutast til um að samningsatriði voru ekki skjalfest, verður engu að síður við mat á efni samnings að líta til annarra atriða honum til fyllingar og skýringa, svo sem vætti aðila og fyrirliggjandi gagna máls.

Ökutækjastyrkur

Í málinu liggur fyrir að stefnandi fékk greidda fasta greiðslu mánaðarlega að fjárhæð 70.000 krónur sem á launaseðli er vísað til sem ökutækjastyrks undanþeginn staðgreiðslu. Hefur almennt verið litið svo á að slíkur ökutækjastyrkur feli í sér greiðslur sem starfsmaður fær frá vinnuveitanda fyrir not af eigin bifreið í þágu vinnuveitandans og hann hefur sjálfur borið kostnað af. Ýmist hafa slíkar greiðslur verið inntar af hendi mánaðarlega eða árlega, eða að greitt sé samkvæmt kílómetragjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursdagbók eða skýrslu.

Af fyrirliggjandi launaseðlum verður ekki annað ráðið að umræddur ökutækjastyrkur hafi verið hluti fastra starfskjara stefnanda fremur en að um hafi verið að ræða endurgreiðslu vegna notkunar á eigin bifreið í þágu stefnda. Gildir einu í því sambandi þótt þess hafi verið getið á launaseðlum að umræddur styrkur væri undanþeginn staðgreiðslu enda verður af 1. tölulið a-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu með síðari breytingum ekki annað ráðið en að borið hafi að greiða staðgreiðslu af fyrrgreindum greiðslum enda hafi þær ekki falið í sér endurgreiðslu kostnaðar vegna starfa í þágu stefnda.

Verður því fallist á að kröfu stefnanda um greiðslu ökutækjastyrks vegna tímabilsins 1. desember 2021 til 31. janúar 2022, samtals að fjárhæð 140.000 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

orlof

Í málinu hefur verið lögð fram blaðsíða úr kjarasamningi milli Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022. Greinir þar að lágmark orlofs skuli vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skuli vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu, eftirvinnu eða yfirvinnu. Þá greinir að eftir fimm ár í sömu starfsgrein skuli starfsmaður hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%, eftir fimm ár í sama fyrirtæki skuli starfsmaður hafa 27 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,59% og eftir tíu ár í sama fyrirtæki skuli starfsmaður hafa 30 daga orlof og skulu orlofslaun vera 13,04%. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að samið sé um rýmri rétt en í kjarasamningi greinir.

Líkt og að framan greinir liggur fyrir að ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur með aðilum. Þegar svo háttar til hefur almennt verið lagt til grundvallar að sönnunarbyrði um efni og tilvist slíks samnings hvíli á vinnuveitanda, enda standi það honum almennt nær að færa sönnur á slíkt.

Fyrir dómi gaf stefnandi skýrslu. Lýsti hann því þar að hann hafi talið að svo hafi um samist með aðilum að orlofshlutfall næmi 13,04% af heildarlaunum sem fæli í sér að hann ætti rétt til 2,83 orlofsdaga í hverjum mánuði. Af gögnum máls og vitnisburði fyrir dómi verður þó engan vegin ráðið að samið hafi verið um hærra orlofshlutfall en 10,17%, líkt og kveðið er á um í kjarasamningi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987, en slíkt hlutfall felur í sér að starfsmaður á rétt til 2,2 orlofsdaga í mánuði hverjum, séu forsendur stefnanda til útreiknings orlofsdaga lagðar til grundvallar. Jafnframt verður af málgögnum ekki ráðið að stefnandi hafi notið slíkra aukinna kjara hjá fyrri vinnuveitanda sínum, líkt og hann hefur byggt á. Að því virtu, einkum í ljósi þess að um er að ræða verulegt frávik frá því sem almennt gengur og gerist á vinnumarkaði, auk þess sem fyrir liggur að stefnandi fullnægði ekki forsendum kjarasamnings til hækkunar orlofshlutfalls með vísan til starfeynslu í sömu starfsgrein eða hjá sama vinnuveitanda,

verður ekki talið að stefnandi hafi fært fullnægjandi sönnur á að um aukinn orlofsrétt hafi verið samið.

Hefur stefnandi á því byggt að frá því hann hóf störf hjá stefnda í mars 2020 og út janúar 2022 hafi hann tekið sér 21,5 orlofsdag. Hann eigi því inni óuppgerða alls 41,5 orlofsdaga, sé miðað við framangreindar forsendur sem geri ráð fyrir að áunnir orlofsdagar á tímabilinu hafi verið 63. Af hálfu stefnda hefur á hinn bóginn verið vísað til útprentunar úr tímaskráningarkerfinu Curio sem sýni fram á að stefnandi hafi tekið sér alls 53,5 orlofsdaga á tímabilinu. Stefnandi hefur í sjálfu sér ekki andmælt því að færslur á yfirliti tímaskráningarkerfisins séu réttar. Hann hefur þó vísað til þess að yfirlitið hafi ekki að geyma fullnægjandi skráningu viðverustunda hans hjá stefnda, þar sem hann hafi annars vegar nokkrum sinnum gleymt að skrá þar viðveru sína og hins vegar hafi tímaskráningarkerfið stundum bilað, sem hafi komið í veg fyrir að unnt væri að skrá þar tíma og fjarverustundir.

Í ljósi framangreindrar afstöðu dómsins í þá veru að leggja beri til grundvallar að ekki hafi samist um annað orlofshlutfall en ráð sé fyrir gert í kjarasamningi, það er 10,17%, er ljóst að áunnir orlofsdagar stefnanda á tímabilinu hafi verið 49,06 dagar, sé miðað við framangreindar forsendur við útreikning orlofsdaga, það er: $21,67 * 10,17 / 100 = 2,2$, $2,2 * 22,3 = 49,06$.

Af framburði fyrir dómi, þar á meðal framburði stefnanda sjálfs, vitnisins Hrafns Haukssonar fyrrverandi starfsmanns stefnda og vitnisins Svövu Ránar Guðmundsdóttur aðalbókara hjá stefnda, verður ekki annað ráðið en að jafnvel þótt stjórnendum hjá stefnda hafi verið veitt nokkuð svigrúm til að halda sjálfir utan um tímaskráningar sínar hafi verið til þess ætlast að þeir sinntu þar daglegri almennri viðveru og jafnframt að ætlast væri til að fyrrgreint tímaskráningarkerfi yrði nýtt til að halda utan um viðveru á vinnustað og fjarvistir. Í því felst þó ekki, að mati dómsins, að stjórnendum, þar á meðal stefnanda, hafi verið veitt fullt sjálfðæmi um viðveru og frítöku. Þá verður að miða við að það hafi staðið stefnanda nær að tryggja fullnægjandi skráningu viðverustunda, til dæmis með skráningu í fyrrgreint tímaskráningarkerfi. Af þeim sökum og með vísan til framangreinds er fallist á með stefnda að leggja beri fyrirbyggjandi yfirlit úr tímaskráningarkerfi til grundvallar við mat á orlofsrétti stefnanda.

Verður því ekki fallist á kröfu stefnanda hvað umræddar orlofsgreiðslur varðar.

Í málinu hefur stefndi haft uppi gagnkröfu til skuldajöfnunar á hendur stefnanda að fjárhæð 664.495 krónur vegna ætlaðs oftekings orlofs stefnanda. Þeirri kröfu sinni til stuðnings hefur stefndi í greinargerð sinni vísað til útprentunar af heimasíðu Alþýðusambands Íslands um útreikning orlofslauna hjá mánaðarkaupsmönnum, þá verður fjárhæð ætlaðrar gagnkröfu ekki ráðin af öðrum gögnum máls og þykir stefndi því ekki hafa lagt fram haldbær gögn til stuðnings gagnkröfu sinni, einkum hvað varðar fjárhæð hennar. Verður hann að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Er kröfu stefnda um að hann eigi gagnkröfu til skuldajöfnunar á þeim grundvelli að stefnandi hafi oftekið orlof því hafnað.

Stefndi hefur jafnframt vísað til þess að til frádráttar ætluðum ógreiddum launagreiðslum til stefnanda skuli koma tekjur sem hann hafi þegið vegna starfa hans hjá einkahlutafélaginu Krubbi á árinu 2021. Hefur stefndi vísað til þess að af ársreikningi félagsins megi ráða að í árslok þess árs hafi útistandandi skammtímakröfur numið 2.756.110 krónum sem stefndi telur að séu tekjur stefnanda vegna vinnu hans hjá félaginu á meðan á uppsagnarfresti hafi staðið. Hefur stefndi skorað á stefnanda að leggja fram yfirlit úr staðgreiðsluskrá Skattsins um greidda staðgreiðslu vegna ársins 2021 og vegna janúar 2022. Jafnframt hefur hann skorað á stefnanda að leggja fram upplýsingar um fyrrgreindar skammtímakröfur auk virðisaukaskattskýrslna einkahlutafélagsins vegna starfsemi þess í nóvember og desember 2021 og vegna starfsemi þess í janúar og febrúar 2022. Undir rekstri málsins lagði stefnandi meðal annars fram útprentun úr staðgreiðsluskrá vegna tímabilsins janúar 2021 fram til febrúar 2022 vegna starfa hans hjá fyrrgreindu einkahlutafélagi. Af henni má ráða að stefnandi hafi á tímabilinu þegið laun að fjárhæð 200.000 krónur sem greidd hafi verið honum í nóvember 2021. Í málinu liggur fyrir að stefnandi var eigandi einkahlutafélagsins þegar hann hóf störf hjá stefnda, en hann kveðst hafa átt félagið frá stofnun þess árið 2003. Hefur stefnandi vísað til þess að hann hafi þegið greiðslur hjá félaginu vegna vinnu hans við bókhald félagsins á árinu 2021. Þeim störfum hafi hann alfarið sinnt utan vinnutíma. Að mati dómsins verður ekki annað ráðið en að stefnda hafi við upphaf ráðningarsambands verið fullkunnugt um eignarhald stefnanda á fyrrgreindu einkahlutafélagi, án þess að séð verði að stefndi hafi

gert við það nokkrar athugasemdir, og mátti gera ráð fyrir að hann þæði þar laun eða aðrar greiðslur. Þá liggur fyrir að stefnandi réð sig ekki til starfa hjá öðrum vinnuveitanda á uppsagnartímabilinu. Af þeim sökum er kröfum stefnda um að draga beri þær greiðslur sem hann þáði frá einkahlutafélaginu frá launum hans á uppsagnarfresti hafnað.

Að framangreindu virtu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 140.000 krónur vegna vangoldins ökutækjastyrks vegna desember 2021 og janúar 2022 með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 2022 til greiðsludags. Stefndi er að öðru leyti sýknaður í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda og Jónas Friðrik Jónsson lögmaður af hálfu stefnda.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þingvangur ehf., greiði stefnanda, Hrafni Haukssyni, 140.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. febrúar 2022 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson